

From: Tryggvi Þórhallsson [<mailto:tryggvi.thorhallsson@samband.is>]

Sent: 25. janúar 2013 15:34

To: Kristín Einarsdóttir

Subject: 1210007SA - Athugasemd við tillögu til þál. um menningarstefnu - 196. mál 141. lþ.


Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Vísað er til tölvupósts nefndarsviðs þar sem ofangreint þingmál var sent út til umsagnar. Sambandið lætur ekki í té formlega umsögn um málið en vill benda á að notkun orðsins „stjórnvöld“ í tillögunni er e.t.v. ekki alls kostar heppileg þar sem hugtakið tekur, í almennri málnotkun, bæði til ríkisins og stofnana þess sem og sveitarfélaganna sem eru staðbundin stjórnvöld sbr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Athugunarefni er að breyta þessu í texta tillögunnar þannig að almennt sé þar vísað til stjórnvalda ríkisins.

Einnig er vert að benda á að í gildi er menningarstefna í mannvirkjagerð útgefin af menntamálaráðuneytinu í apríl 2007. Byggingarlist og hönnun opinberra mannvirkja er að ýmsu leyti hornsteinn í menningarlífinu og mætti að ósekju vera sýnilegri í ofangreindri tillögu.

Virðingarfyllt,

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Tryggvi Þórhallsson

lögfræðingur

Beint innval: 515 4918

Netfang: tryggvi.thorhallsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.